

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 8. gr..

- a) Í stað „fyrir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eftir.
- b) 4. mgr. orðist svo:

Skattstjóri má því aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri uppgjörstímabila. Kröfu um vangöldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verði 10. gr., og breytist númeraröð annarra greina til samræmis við það, svohljóðandi:

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30/1966 geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveim sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjár-afurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá 1. september til og með 15. október og frá 1. nóvember til og með 15. desember.

Skattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

3. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1990 skal uppgjörstímabil síðari bráðabirgðaskýrslu skv. 10. gr. vera frá 16. nóvember til og með 15. desember.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 24. og 33. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. 49. gr. laganna, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 24. október 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, sbr. 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þó með þeim undantekningum er greinir í 2. og 3. gr.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klst.:
 - a) Flugbraut frá Þjóðbraut framhjá byggingum nr. 880 og 882.
 - b) Ónefndri götu frá Þjóðbraut framhjá byggingum nr. 839 og 2028 að Grjótagötu.
 - c) Hestgötu, Holtsgötu, Suðurgötu, Upplandi, Víkingsgötu og Brunnlandi.
 - d) Akbrautum um íbúðahverfi sem afmarkast af Austurbraut að austan af Hestgötu að norðan og af Suðurgötu að vestan.
 - e) Akbrautum um íbúðahverfi sem afmarkast af Austurbraut að vestan og Flugvallarbraut að sunnan.
 - f) Breiðgötu frá vegamótum Austurbrautar að mótum vegar að byggingum nr. 752 og 732.
 - g) Austurbraut frá Upplandi að vegamótum Brunnlands/Vesturlands.
 - h) Þjóðbraut frá mótum Breiðgötu að mótum Birkihlíðar.
 - i) Birkihlíð frá mótum Austurbrautar að Lómalandi.
 - j) Þjóðbraut frá mótum Suðurgötu að mótum Grjótagötu.
 - k) Austurbraut frá mótum Flugvallarbrautar að Hestgötu.
 - l) Akbrautum að og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þar sem þær skiptast við leiðbeiningarskilti til móttöku og brottfarar.
2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 80 km á klst.:
 - a) Grjótagötu.
 - b) Á vegarkafla að fjarskiptastöðinni á Stafnesi, er hefst 1,5 km sunnan byggingar nr. 1624.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar ná þó ekki til þjóðvega innan lögsagnarumdæmisins.

4. gr.

Ákvæði þessi sem sett eru samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli, nr. 269 frá 1. júlí 1985.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, 19. október 1990.

Porgeir Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í nóvember 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í nóvember 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 3,9%

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.